

Umbótaþáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu	Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat, hvenær/hvernig
Svið I – Leikskólinn og umhverfi hans¹					
<ul style="list-style-type: none"> Leikskólinn uppfyllir ekki ákvæði laga nr. 87/2008 hvað varðar að 2/3 hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna teljist til stöðugilda leikskólakennara og því þarf áfram að leita leiða til að ráða leikskólakennara til starfa. 	<p>Sveitarfélagið í samráði við stjórnendur hefur samþykkt stuðning til nema og lagt er upp með að samningur við nema sé til tveggja ára í senn.</p> <p>Huga þarf að afleysingu til móts við nema.</p>	Maí 2020	September 2020	Sveitarfélag og leikskólastjóri	<p>Haust 2022</p> <p>Í apríl hvers árs er metin þörf fyrir stuðning við nám af stjórnendum.</p> <p>Sveitarfélagið metur stöðu hvers nema fyrir sig eftir tvö ár.</p>
<ul style="list-style-type: none"> Huga þarf að betri hljóðvist í norðurhluta leikskólahúsnæðisins. 	<p>Aðstæður voru skoðaðar af framkvæmdasviði sveitarfélagsins og lagðar voru fram tillögur að úrbótum sem unnið verður eftir.</p>	Sept 2020	Maí 2021	Framkvæmdasvið sveitarfélagsins.	<p>Í júní 2021 með hljóðmæli</p> <p>Sett voru upp hljóðeinangrandi plötur í mars 2021.</p> <p>Máli lokið.</p>

¹ Bætið við línun eftir þörfum.

<ul style="list-style-type: none"> • Á útileiksvæði er þörf á að laga fallvarnir við rólur og huga að því að stúka af svæði fyrir yngstu börnin. 	<p>Bæta mól í leiksvæði og gúmmímottur.</p> <p>Þörf er á varanlegri framkvæmdum á skólalóð í samræmi við nýsamþykkt deiliskipulag.</p> <p>Bráðagbirgðaurbætur hafa verið gerðar á leiksvæði.</p>	Júlí 2020	Júní 2021	Framkvæmdasvið sveitarfélagsins	<p>Árlega í apríl, á fundi leikskólastjóra og framkvæmdasviðs sveitafélagsins. Til að hægt sé að undirbúa framkvæmdir í sumarlokun leikskólans.</p> <p>Settar voru gúmmímottur júlí 2020.</p> <p>Leikskólastjóri óskaði eftir því að fara í framkvæmdir á lóð.</p> <p>Hafist var handa við að skipta um girðingu í kringum skólalóð í júlí 2021 og á að klára það verkefni í júlí 2022.</p> <p>Að öðru leiti verður ekki farið í stærri framkvæmdir við skólalóð vegna</p>
--	--	-----------	-----------	---------------------------------	--

					fjárhagsstöðu sveitarfélagsins. September 2023 – Um haustið var farið í framkvæmdir í kringum rólur og lest á leikskólalóð. Settar voru varanlegar gúmmímottur undir rólur og þær færðar svo að fallrými væru ekki að skarast. Undirbúningsvinna um skipulag og stækkun skólalóðar er farin af stað.
<ul style="list-style-type: none"> • Meta þarf hugmyndafræði leikskólans frá grunni, svo sem tilgang, framkvæmd, efnivið og þekkingu starfsfólks. Leggja ætti áherslu á aðkomu starfsmanna og foreldra að þeirri vinnu. 	Kynna hugmyndafræði leikskólans með foreldrafundi á hausti. (rafrænt ef ekki er hægt að funda) Senda kynningarefni til foreldra jafnt og þétt yfir veturinn. Setja frekari upplýsingar um hugmyndafræðina á heimasíðu	September 2020 Nóvember 2020 Október 2020	maí 2021	Skólastjórnendur og deildarstjórar	Mars 2021 með spurningalistum til foreldra og starfsfólks. Ekki var hægt að funda með foreldrum vegna Covid-19 en sent

	Gera hugmyndafræði sýnilega í umhverfi leikskólans.	Janúar 2021			var út kynningarefni um flæði til foreldra haustið 2021 og 2022.
	Fyrirlestur/fræðsla um flæði frá Kristínu Gísladóttur leikskólastjóra og Elínu Friðriksdóttur frá leikskólanum Uglukletti	Febrúar 2021			<p>Settar voru inn fleiri upplýsingar um flæði inn á heimasíðu leikskólans.</p> <p>Skipulag flæðisins var fært á betri og aðgengilegri stað og styttra að skipulaginu þegar börn mæta til leikskóla.</p> <p>Febrúar 2023 Ákveðið var að afmarka flæði leikskólans frá kl 9-11. Eftir hádegi hefur verið tekið upp hópastarf. Þá eru börnin inni á sínum deildum, með sínum</p>

					<p>kennurum í litlum hópum.</p> <p>Janúar 2024 Starfsfólk leikskólans ákvað að prófa sig áfram með nýja hugmyndafræði í starfi leikskólans. Eftir áramót var byrjað að vinna með val og hópastarf. Fyrirmynd í okkar starfi er Hjallastefnan. Starfsfólk fór í október 2023 í leikskólaheimsókn í Hjalla í Hafnarfirði og fengu kynningu hjá framkvæmdastjóra Hjallastefnunnar. Stjórnendur upplifa ánægju meðal foreldra, starfsfólks og nemenda með</p>
--	--	--	--	--	---

					breytingar á innra starfi leikskólans
<ul style="list-style-type: none"> • Samfara endurskoðun á hugmyndafræði leikskólans þarf að taka upp umræðu um einkunnarorð og gera þau sýnilegri í leikskólanum. 	Áætlun sveitarfélagsins er að vinna þetta samhliða menntastefnunni.	Október 2020	Vor 2022	Sveitarfélagsins	Vor 2025
	Unnið af starfsmannahóp vegna vinnu við skólanámskrá	Skólárið 2021-2022		Leikskólastjóri	Vor 2022
	Einkunnarorð sett í alla tölvupósta sem sendir eru út frá leikskólanum.	Október 2021			Máli lokið
	Einkunnarorð sett á skilti utan á húsnæði leikskólans.	Október 2021			
	Umræður á starfsmannahópi um innihald og merkingu einkunnarorðanna.	Nóvember 2021			
•					

Umbótaþáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu	Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat, hvenær/hvernig
Svið II – Stjórnun					
<ul style="list-style-type: none"> Ljúka við gerð skólastefnu fyrir Húnaþing vestra. 	Áætlun sveitarfélagsins er að vinna þetta samhliða skóla/menntastefnunni.	September 2020	September 2022	Sveitarfélagið	September 2025 Febrúar 2023 Vinnu að menntastefnu hefur verið lokið og birt á heimasíðu Húnaþings vestra.
<ul style="list-style-type: none"> Huga að endurskoðun skólanámskrár með aðkomu alls leikskólasamfélagsins og gera í henni grein fyrir hvaða upplýsingar fylgja barni þegar það flyst milli leikskóla eða í grunnskóla, hvernig unnið er með hæfnipætti í samræmi við aldur og þroska barna og birta viðmið fyrir leikskólastarfið sem metið er út frá í innra mati. 	Samráð fagfólks og foreldra.	Febrúar 2021	Júní 2022	Leikskólastjórnendur	Annað hvert ár í október. Á fagfundi með foreldraráði. Farið verður í endurskoðun skólanámskrár haustið 2021 Persónumappa og þroskaathuganir fylgja barni yfir í grunnskóla og verður upplýsingum um þessa þætta bætt inn í skólanámskrá. Umbótaáætlun er birt á heimasíðu leikskóla og

						starf innra mats er sýnilegt. Febrúar 2023 Vinna að nýrri skólanámskrá heldur áfram. Janúar 2024 Áætlað er að taka inn breytingar á hugmyndafræði leikskólans inn í nýja námskrá. Markvisst tekið á þessum þáttum í fjögurra ára áætlun skólans í innra mati.
<ul style="list-style-type: none"> Ljúka við gerð starfsáætlunar. 	Stjórnendur eru að vinna að nýrri uppsetningu og að áætlun þessa árs.	Júní 2020	Október 2020	Leikskólastjórnendur	Endurunnin árlega.	
<ul style="list-style-type: none"> Leikskólastjóri reglulega starfsmannasamtal sínnum yfirmanni. 	fari í hjá Sett verði upp árlegt starfsmannaviðtal í mars í samráði við leikskólastjóra, eftir að leikskólastjóri hefur framkvæmt starfsmannaviðtöl innan leikskólans.	2021	Aldrei	Sveitarstjóri/sviðsstjóri	Mars 2023 Rýnimat leikskólastjóra og sveitarstjóra. Enn sem komið er hefur ekki farið fram starfsmannaviðtal við leikskólastjóra í mars 2022. Október 2022	

					Leikskólastjóri var boðaður í starfsmannasamtal hjá sviðsstjóra fjölskyldusviðss. 2023 Regluleg viðtöl fara fram á fjölskyldusviði. Máli lokið
<ul style="list-style-type: none"> Leita leiða í samráði við starfsfólk til að koma á reglulegum deildarfundum og efla faglega umræðu. 	Fastir stigsfundir í upphafi kennarafunda einu sinni í mánuði Bæta við einum deildarfundum þannig að fundað sé háflsmánaðarlega	Sept 2020 Mars 2022	Maí 2021	Leikskólastjórnendur	Meta hvernig til tókst í maí 2021. Munnlegt mat viðkomandi aðila. Fundir voru settir á strax í sept 2020 og eru haldnir mánaðarlega. Febrúar 2023 Deildarstjórum er boðið að óska eftir stigsfundum á mánudögum ef þeir telja þörf á. Janúar 2024 Það tókst ekki nægilega vel að hafa þetta bara á mánudögum. Ákveðið

					<p>var að deildarstjórar geti óskað eftir stigsfundi og fundið verði hentugasta daginn fyrir það með tilliti til mætingu starfsfólks.</p> <p>Stigsfundir eru mánaðarlega eins og verið hefur. Í starfsáætlun var ákveðið að taka til viðmiðunar nýtt rekstrarlíkan fyrir leikskólann. Líkanið gerir ráð fyrir meiri mönnun í leikskólanum sem vonandi gefur frekara svigrúm fyrir fagleg samtöl innan leikskólans</p>
<ul style="list-style-type: none"> • Skrá verkaskiptingu leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra og deildarstjóra. 	Unnið af stjórnendum og yfirfarið í sameiningu.	Ágúst 2020	Apríl 2021	Leikskólastjórnendur og deildarstjórar	Munnlegt mat í apríl af deildarstjórum og skólastjórnendum. Var framkvæmt á skólaárinu 2020-2021.
<ul style="list-style-type: none"> • Vinna símenntunaráætlun sem endurspeglar stefnu og þarfir leikskólans. 	Setja upp áætlun og gera sýnilega starfsmönnum og á heimasíðu leikskólans.	September 2020	Nóvember 2020	Leikskólastjórnendur	Gerð var áætlun og sett á heimasíðu leikskóla, endurskoðuð árlega í maí Febrúar 2023

					<p>Vinna er hafin við að útbúa grófa endurmenntunaráætlun til fjögurra ára í senn sem þó hefur þann sveigjanleika að hægt er að móta hana út frá þörfum hvers skólaárs.</p> <p>Janúar 2024</p> <p>Samstarf við austur Húnavatssýslu og Farskólann um heildiræna endurmenntunaráætlun fyrir alla starfsmenn sveitafélagsins, þar með talið leikskólann. Starfsmaður leikskóla er í stýrihópi fyrir verkefnið.</p>
<ul style="list-style-type: none"> • Stjórnendur fylgist markvisst með námi og starfi í leikskólanum í þeim tilgangi að efla starfsfólk og gefa því endurgjöf. 	<p>Skólastjórnendur fara inn í leikumhverfi barnanna markvisst til að efla starfsfólk og gefa því endurgjöf. Þetta verður framkvæmt með skráningum.</p> <p>Skólastjórnendur útbúa skráningarblað.</p> <p>Setja af stað vegg með jákvæðum skilaboðum til starfsmanna.</p>	Janúar 2021	Aldrei	Leikskólastjórnendur	<p>Samantekt á matsblöðum og endurmetið á kennarafundi í maí ár hvert.</p> <p>Skólastjórnendur hafa lagt sig fram við að leiðbeina starfsfólki en skráningarblað hefur ekki verið útbúið.</p>

					<p>Sett var upp blað þar sem starfsmenn geta sett fram jákvæð skilaboð, unnum einnig verkefni á kennarafundi um að setja orð á það sem vel er gert.</p> <p>Tekið fyrir á kennarafundum og í starfsmannasamtölum.</p> <p>Febrúar 2023 Gert er ráð fyrir að í stað þess að notast við skráningablöð fyrir starfsfólk munu stjórnendur eyrnamerkja ákveðinn tíma í hverjum mánuði til að fara fram á gólf og taka þátt í starfi þar. Þannig gefst tækifæri til þátttöku og endurgjafar.</p> <p>Nóvember 2023 Haustið 2023 hófst samtal meðal starfsfólks innan leikskólans um að skoða aðrar leiðir í innra starfi. Ákveðið var</p>
--	--	--	--	--	--

					<p>að prófa okkur áfram með val í anda Hjallastefnunnar eftir áramótin 2023-4. Þar sem þetta felur í sér breytingar og þróun í starfi hafa átt sér stað innan leikskólans og þurft að komast til móts við fjölbreyttar þarfir. Deildarstjórar hafa staðið sig vel við að leita sér upplýsinga hjá leikskólastjóra varðandi nýtt skipulag. Leikskólastjóri hefur einnig farið inn á deildir og tekið þátt í valstundum og komið með ábendingar ef þörf var á.</p>
<ul style="list-style-type: none"> • Unnið verði að því að byggja upp traust alls starfsfólks til leikskólastjóra. 	Boða starfsfólki í samtal til að ræða þennan þátt, fá hlutlausan aðila til að taka þessi samtöl.	Október 2020	Október 2020	Leikskólastjórnendur og umbótamatsteymi	<p>Starfsmannakönnun í mars 2021. Ekki var hægt að framkvæma starfsmannakönnunina í mars en verður framkvæmd í júní.</p> <p>Júní 2022</p>

					<p>Nýr stjórnandi tók til starfa.</p> <p>Nóvember 2023 Leikskólastjóri býður upp á mikið aðgengi til sín og er upplifunin sú að starfsfólk sé ekki að veigra sér við að koma inn á skrifstofu til að ræða bæði sín mál og mál sem tengjast starfinu. Starfsfólk er hvatt til að koma með ábeningar á því sem betur má fara og að tala opinskátt um málin. Auk þess leggur leikskólastjóri sig fram við að sækjast eftir álitum annara.</p>
<ul style="list-style-type: none"> Vinna áfram að því að stuðla að og viðhalda góðum starfsanda. 	<p>Skemmtinefnd hefur verið kosin og hefur hafið störf eins og áður hefur verið gert.</p> <p>Starfsmannasáttmáli unnin með starfsmannahóp.</p>	<p>September 2020</p> <p>Apríl 2022</p>	<p>September 2020</p> <p>Apríl 2022</p>	<p>Leikskólastjórnendur</p>	<p>Árlega á starfsmannafundi í september</p> <p>Skemmtinefnd hefur verið með alls kyns uppákomur.</p>

					<p>Apríl 2023 Farið saman í endurmenntunarferð til Gdánsk í Póllandi. Þátttaka starfsfólks í ferðina var til fyrirmyndar og gekk allt vel.</p>
--	--	--	--	--	---

Umbótaþáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu	Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat, hvenær/hvernig
Svið III – Uppeldis og menntastarf					
<ul style="list-style-type: none"> Koma í framkvæmd hugmynd um að skipta eldra stigi í tvö stig og fjölga deildarstjórum í þrjá. 	<p>Þriðji deildarstjórinn hefur verið ráðinn.</p> <p>Stigin eru orðin þrjú, yngra, mið og eldra stig.</p>	Maí 2020	Maí 2020	Leikskólastjóri	<p>September 2022 var gengið lengra í skiptingu deilda og flæði á milli deilda sett í afmarkaðan tíma.</p> <p>Janúar 2023 Tekið upp hópastarf eftir hádegi.</p> <p>Janúar 2024 Með breyttu fyrirkomulagi eru stigin að mestu að starfa innan síns</p>

					svæðis. Þetta gefur starfsfólki frekari yfirsýn yfir barna hópinn og þau kynnst sínum börnum betur í starfinu. Á Miðstigi var ákveðið að skipa hópnum í tvennt vegna aldursbils barnanna. Þetta hefur einnig verið gert á eldra stigi. Þannig að unnið er mikið í litlum einingum í leikskólanum í dag.
<ul style="list-style-type: none"> Koma í framkvæmd hugmynd um að innleiða uppeldisstefnuna <i>Jákvæður agi</i> í leikskólanum. 	<p>Námsskeið 13. ágúst 2020 til að hefja innleiðingu á jákvæðum aga, féll niður vegna Covid-19.</p> <p>Reynt verður að hefja innleiðingu sem fyrst.</p>	13. ágúst 2020	Mái 2022	Leikskólastjóri	<p>Mái 2022</p> <p>Innleiðing hófst á jákvæðum aga í maí 2021 þar sem skólastjórnendur og einn leikskólakennari sóttu námskeið.</p> <p>Í ágúst 2021 verður námskeið fyrir allan starfsmannahópinn. Innleiðing er í áframhaldandi</p>

					innleiðingu yfir skólaárið 2021-2022 Ágúst 2022 Sóttum námskeið í jákvæðum aga í ágúst 2022 og erum ennþá að aðlaga starfið að áherslum hugmyndafræðinnar. Apríl 2023 Fengum námskeið í jákvæðum aga í Gdansk í Póllandi
<ul style="list-style-type: none"> • Endurskoða og skrá reglur leikskólans með þátttöku starfsmanna og barna. 	Eiga samtalið við börnin í samverustundum og punkta þeirra upplifun um reglur leikskólans niður. Starfsfólk punkti einnig hjá sér hvernig þeir upplifi reglur leikskólans og unnið úr gögnum á starfsmannafundi með öllum starfsmönnum. Gera reglur sýnilegar. Deildarstjóri hefur unnið börnum með reglur leikskólans.	Desember 2020	Janúar 2021	Leikskólastjórnendur og starfsfólk	Október árlega Fundir hafa verið haldnir með börnum og skráðar niður fundargerðir þar sem rætt er um reglur skólans. Lagt er upp með að gerðir séu sáttmálar á milli barnanna í anda jákvæðs aga.

					<p>Janúar 2024 Áætlað er að setja upp áherslulotur í dagatal leikskólans. Áætlað er að fyrstu lotur bæði í upphafi hausts og strax eftir jól séu agalotur þar sem lögð er áhersla á að börnin læri reglurnar í kringum dagskipulag leikskólans. Eitt af verkefnum þessara lota er að fara búa til reglur leikskólans með börnunum og gera þær sýnilegar.</p>
<ul style="list-style-type: none"> • Starfsfólk leggi sig fram við að skapa umræður við börnin í daglegum athöfnum, s.s. á matmálstíma og hvetji þau til þess að tjá sig. 	<p>Innlögn á starfsmannafundi og samtal við starfsmenn um mikilvægi þess að leggja sig fram við að skapa umræður við börnin í daglegum athöfnum.</p> <p>Sjálfsmat starfsmanns.</p> <p>Málörvun er í gangi í öllu starfi leikskólans.</p>	Október 2020	Ávallt í gangi.	Leikskólastjórnendur og starfsfólk	<p>Október og febrúar árlega</p> <p>Settar voru leiðbeiningar og hvatning á matarborð til starfsmanna og því fylgt eftir með samtali á kennarafundi.</p>

					<p>Þetta verkefni er sífellt í endurskoðun og haldið lifandi og stöðugt verið að minna starfsfólk á. September 2023</p> <p>Eins og starfið er orðið er áhersla á að skapa aðstæður þar sem kennarar vinna í litlum hópum. Þetta gefur kennuru frekari tækifæri til að kynnast sínum börnum og gefur þeim frekari tækifæri til að eiga samræður við sín börn í rólegu umhverfi.</p> <p>Auk þess reynum við að minna á þetta reglulega og var þetta tekið fyrir á haustþingi leikskólans í september</p>
<ul style="list-style-type: none"> • Ræða innan leikskólans hvort ástæða sé til að huga að meira krefjandi 	<p>Á kennarafundum síðasta árs var reglulega farið yfir krefjandi verkefni í flæðisgörðum með starfsfólki og verður þeirri vinnu haldið áfram.</p>	Janúar 2021	Aldrei	Leikskólastjórnendur	<p>Samantekt á matsblöðum og endurmetið á kennarafundi í maí ár hvert.</p>

<p>verkefnum fyrir börnin í flæði.</p>	<p>Sjálfsmat starfsmanns.</p> <p>Þegar leikskólastjórnendur fara markvisst inn í daglegt starf leggja þeir mat á gæði leiksins/flæði.</p> <p>Starfsmaður hefur verið festur í Listagarði til að efla starf hans.</p> <p>Einnig er verið að skoða slíka útfærslu í Tónlistargarði.</p>				<p>Byrjað er að vinna með sjálfsmatskerfi, hversu góður er skólinn okkar. Þar er farið inn á mat á þessum þáttum.</p> <p>Búið er að festa starfsmann í Tónlistargarði.</p> <p>Febrúar 2023 Vangaveltur um að breyta tónlistargarði og færa tónlistina frekar inn í hópastarf/samverur þar sem starf með tónlist hentar betur í skipulögðum stundum og í minni hópum.</p> <p>Flæðið er núna aðeins frá 9-11 á daginn og eftir hádegis tekur við hópastarf þar sem kennara fá tækifæri til að leggja fram</p>
---	---	--	--	--	--

					<p>krefjandi viðfangsefni fyrir sinn hóp.</p> <p>Janúar 2024 Í valinu er byggt á frjálsum leik og opnum efnivið. Í eðli sínu byggir opinn efniviður á hæfni einstaklingsins til sköpunnar og verður þess vegna flóknari eftir því sem geta barnsins verður meiri. Þess fyrir utan er hópastarfið þar sem starfsfólk hefur tækifæri til að stjórna viðfangsefni hópsins og leggja fram viðeigandi verkefni.</p>
<ul style="list-style-type: none"> Auka vinnu með læsi og gera ritmál sýnilegra í umhverfinu. 	<p>Tekið fyrir á fagfundi og í framhaldi af því haldið umræðunni áfram inn á kennarafundi.</p> <p>Sett verður upp áætlun um hvernig við getum aukið vinnu með læsi og gert ritmál sýnilegra í umhverfinu.</p>	September 2020	Ávallt í gangi	Leikskólastjórnendur og deildarstjórar	<p>Október, janúar og apríl árlega já fagfundi.</p> <p>Hafin er vinna við að gera ritmál sýnilegt og haldið verður</p>

	Settur verður starfsmaður sérstaklega í verkefnið.				áfram með þá vinnu á nýju skólaári. Halda þarf þessu áfram, stöðugt í endurskoðun. Október 2023 Komin þörf á að hressa upp á ritmál í umhverfi. Í haust var byrjað að dusta rykið af læsisstefnu leikskólans og vinna hafin við að litaflokka málörvunarefni að nýju.
<ul style="list-style-type: none"> Gera skapandi starfi og vísindum hærra undir höfði í starfi leikskólans. 	Þegar leikskólastjórnendur fara markvisst inn í daglegt starf leggja þeir mat á gæði leiksins/flæði. Sjálfsmat starfsmanns. Festum starfsmann í listagarð sem sér um vinnu þar og skipulagninu. Til að gera vísindum hærra undir höfði í starfi verður farið með þá umræðu inn á fagfund og í framhaldi inn á	Janúar 2021	Aldrei	Leikskólastjórnendur og deildarstjórar	Samantekt á matsblöðum og endurmetið á kennarafundi í maí ár hvert. Fastur starfsmaður í Listagarði og Tónlistargarði sem sjá um krefjandi verkefni.

	kennarafund þar sem verður innlögn um aukin verkefni í vísindagarði.				Útbúinn hefur verið kassi með hugmyndum af krefjandi verkefnum í Vísindagarði. Febrúar 2023 Tónlistargarði verður breytt. Ekki er lengur talin þörf á föstum starfsmanni í listagarði þar sem við erum byrjuð að vinna með hópastarf eftir hádegi. Börnin verða í litlum hópum og með sínum kennurum og þar er vettvangur fyrir krefjandi, þematengd verkefni.
<ul style="list-style-type: none"> Leita leiða til að foreldrar komi að mati á námi og framförum barna. 	Útbúin verða skráningarblöð sem innihalda spurningar fyrir hvert aldursbil þar sem foreldrar fá tækifæri til að leggja mat á nám og framfarir barna sinna. Eiga síðan samtali við kennara í foreldraviðtali árlega.	September 2020	Október 2020	Leikskólastjóri	Kennari spyr í foreldraviðtali árlega hvort upplýsingar um mat á barninu séu raunhæfar og hvort foreldri hafi fengið nægilegar

	Skráningarblöð verða útbúin á fagfundi eftir umræður.				upplýsingar um barnið í skólastarfinu. Foreldri og deildarstjóri kvittar síðan fyrir foreldraviðtalið. Þetta var sett í framkvæmd í september 2020 September 2023 Foreldraviðtöl eru tvisvar á ári. Fulltrúi foreldra er í matsteymi leikskólans.
<ul style="list-style-type: none"> Koma á skráningu á vali og námi barna í flæði og daglegum athöfnum. 	Setja upp verklag til undirbúnings fyrir foreldraviðtal. TRAS skráning Starfsmaður skráir val á námi barnsins í flæði og daglegar athafnir þess. Skráningarblað útbúið af skólastjórnendum.	September 2020 September 2020	Október 2020 Október 2020	Leikskólastjóri	Kennari spyr í foreldraviðtali árlega hvort upplýsingar um mat á barninu séu raunhæfar og hvort foreldri hafi fengið nægilegar upplýsingar um barnið í skólastarfinu. Foreldri og deildarstjóri kvittar

	Sett upp skráning á hvað sé verið að gera í flæðisstöðvum og hvaða börn sækja í hvaða stöð.	Janúar 2022			<p>síðan fyrir foreldraviðtalið.</p> <p>Þetta var sett í framkvæmd í september 2020</p> <p>Símat. Febrúar 2023 Við sjáum fyrir okkur skráningar í hópstarfi.</p> <p>Janúar 2024 Tókum upp val um áramótin og notum skolakerfi.is til að skrá niður val barnanna. Kerfið tekur saman gögnin og býr til súlurit yfir val barnanna. Þetta er síðan hægt að nota í foreldraviðtölum til að upplýsa foreldra um námsframvindu barnanna. Einnig er hópstarf skipulagt af hópstjóra og ef farið er</p>
--	---	-------------	--	--	---

					samviskusamlega eftir skipulagi virkar það sem skráning á námi barnanna í leikskólanum.
•					

Umbótaþáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu	Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat, hvenær/hvernig
Svið IV – Foreldrasamvinna og ytri tengsl					
<ul style="list-style-type: none"> Bæta daglega upplýsingagjöf til foreldra um líðan barna, áhugasvið og virkni í leikskólanum. 	<p>Deildarstjórar senda frá sér mánaðarlegt fréttabréf.</p> <p>Töflur í fataklefum eru notaðar til að miðla viðburðum sem eru í leikskólanum.</p> <p>Facebook síða foreldra leikskólans miðlar daglegu starfi og viðburðum til foreldra</p>	September 2020	Aldrei	Leikskólastjórnendur og deildarstjórar	<p>Deildarstjórar senda frá sér mánaðarlegt fréttabréf.</p> <p>Minnt á upplýsingaflæði mánaðarlega á fyrsta fagfundi mánaðarins á</p>

	<p>Starfsmenn við lokun leikskólans miðla líðan barna.</p> <p>Deildarstjóri viðkomandi barns setji sig í samband við foreldri með skilaboðum í gegnum Karellen ef ástæða þykir til.</p> <p>Áhugasvið barnsins er rætt í foreldraviðtölum og foreldrar hafa ávallt aðgang að starfsfólki um málefni barna sinna.</p> <p>Send eru út sms til foreldra þegar brýnt er að koma skilaboðum til foreldra. T.d vegna veðurs, skólabíla, lokunnar.</p>				<p>töflum, Facebook síðu og Karellen.</p> <p>Árleg foreldraviðtöl</p> <p>Netföng deildarstjóra gerð sýnilegri.</p> <p>Leikskólastjóri sendir einnig út upplýsingar til foreldra þegar á við.</p> <p>Janúar 2024 Áfram er notast við töflur, facebook, karellen í daglegri upplýsingagjöf. Á karellen eru skráðar upplýsingar um hversu vel barn borðar, sefur og sendar inn myndir af barninu í starfi og leik. Auk þess hefur bæst við skráning á vali og hópastarfi barnsins og ættu foreldrar</p>
--	--	--	--	--	---

					að geta nálgast þær upplýsingar í foreldraviðtali sem boðið er upp á tvisvar á ári.
<ul style="list-style-type: none"> Huga að því að hafa hagnýtar upplýsingar um leikskólann á heimasíðu á fleiri tungumálum. 	Greina hvaða þætti er mikilvægast að þýða á heimasíðu til að hægt sé að kostnaðargreina og setja á fjárhagsáæltun fyrir árið 2022.	Janúar 2021	September 2021	Leikskólastjórnendur	<p>Ár hvert í september.</p> <p>Framkvæmdin er komin í hendur sveitarfélagsins þar sem gífurlegur kostnaður er við að þýða heimasíðu leikskólans.</p> <p>2024 Máli lokið</p>
<ul style="list-style-type: none"> Mikilvægt er að fá aðstoð utanaðkomandi aðila til að vinna að því að byggja upp traust meðal foreldra og stjórnenda. 	Fenginn var ráðgjafi til að vinna að umbótaáætluninni til stuðnings leikskólanum.	Október 2020	Maí 2021	Leikskólastjórnendur	<p>Eftir foreldrakönnun 2021/22</p> <p>Ráðgjafi og skólastjórnendur hafa lagt fram hugmyndir að leiðum til endurbóta sem þegar eru komnar í vinnslu .</p>

					<p>Febrúar 2023 Nýtt stjórnenda teymi Miklar breytingar á innra starfi og samskiptum við foreldra. Staðan tekin í foreldrakönnun</p>
<ul style="list-style-type: none"> • Taka upp samræðu við foreldrahópinn um hvað má betur fara í leikskólanum, s.s. varðandi móttöku og skil á börnum, upplýsingagjöf, samskipti og kirkjuferðir. 	Foreldrar fá tækifæri til samtals um þessa þætti í foreldraviðtali.	Október 2020	Október 2020	Leikskólastjórnendur og deildarstjórar	<p>Í september ár hvert á fagfundum.</p> <p>Markvissar spurningar eru lagðar fyrir foreldra þessu tengt í foreldraviðtölum.</p> <p>Febrúar 2023 Foreldrakynning er haldin á hverju ári þar sem foreldrar fá tækifæri til að koma, kynna sér skólastarfið og koma með ábendingar um það sem betur má fara.</p>

					Staðan tekin í foreldrakönnun í febrúar 2024 hvort gera þurfi betur
--	--	--	--	--	---

Umbótaþáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu	Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat, hvenær/hvernig
Svið V – Skóli án aðgreiningar					
<ul style="list-style-type: none"> Auka þekkingu starfsfólks á vinnu að málörvun í almennu starfi. 	Fræðsla og endurmenntun. Námskeið í málörvun í almennu starfi.	15. febrúar 2021	15. febrúar 2021	Leikskólastjórnendur	September 2021 í samtali og upprifjun við starfsfólk á kennarafundi. Símenntun í málörvun.

					<p>Námskeið í málörvun var á kennarafundi í apríl 2021. Í umsjá stoðþjónustu. Upprifjun á Kennarafundir í október 2021</p> <p>Fræðsla á haustfundi í september 2022 og einstaklingsfræðsla í nóvember.</p> <p>Febrúar 2023</p> <p>Haldið var TMT námskeið í nóvember 2022</p> <p>Málefni sem mun vera reglulega tekið upp á annað hvort kennarafundum eða starfsdögum.</p> <p>September 2023 Starfsfólk fór á haustþing leikskóla norðurlands vestra og þar var málörvun barna helsta fræðsluefnið.</p>
--	--	--	--	--	---

					Samstarf við A-Húnaþing í verkefninu Fræðslustjóri að láni þar sem mynduð verður heildar endurmenntunaráætlun fyrir starfsfólk Húnaþings vestra.
<ul style="list-style-type: none"> Styrkja þekkingu starfsmanna í vinnu með börn sem eiga annað móðurmál en íslensku. 	Innlögn verður á kennarafundum á skólaárinu.	Desember 2020	Aldrei	Leikskólastjórnendur	<p>Nóvember 2021 á kennarafundi.</p> <p>Námskeið í málörvun var á kennarafundi í apríl 2021. Í umsjá stoðþjónstu</p> <p>Fræðsla á haustþingi í september 2021.</p> <p>Janúar 2024 Verður endurskoðað í samhengi við ný lög um skólaþjónustu</p> <p>Mikill áhugi á verkefninu Gefðu 10 Er sífellt í endurmati.</p>
<ul style="list-style-type: none"> Styrkja þekkingu starfsmanna til að vinna með heimamenningu allra barna, jafnt 	Umræður á fagfundum og kennarafundum.	Janúar 2021	Aldrei	Leikskólastjórnendur	Janúar 2022 á kennarafundi

Íslenskumælandi og þeirra sem eiga annað móðurmál en íslensku.	Innlögn verður á kennarafundum á skólaárinu, og athugað verður með utanaðkomandi fræðslu.				Menningarvika var í febrúar 2022 og áhersla var á menningu barna leikskólans. Fræðsla á haustþingi 17. September 2021 Menningarvika er haldin á hverju ári
•					

Umbótaþáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu	Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat, hvenær/hvernig
Svið VI – Innra mat					
<ul style="list-style-type: none"> Gera matsáætlun til nokkurra ára, sem endurspeglar að helstu þættir starfsins séu metnir. 	Innleiðing á matsaðferðinni „Hversu góður er skólinn okkar“	Febrúar 2021	Aldrei	Leikskólastjórnendur	<p>Símat til starfsmanna og foreldraráðs. Unnið er að mati á starfinu yfir allt árið á hverju ári.</p> <p>Innleiðing á Hversu góður er skólinn okkar hófst 22.febrúar 2021 með námskeiði.</p> <p>Unnið hefur verið í gæðagreinum á 3 kennarafundum og því starfi síðan haldið áfram.</p> <p>Febrúar 2023 Ákveðið var að byrja upp á nýtt með gæðagreina þar sem mikið er af nýju starfsfólki.</p>

					Búið er að útbúa innramats áætlun til næstu fjögurra ára sem hægt er að nálgast á heimasíðu skólans.
<ul style="list-style-type: none"> • Gera nákvæmari matsáætlun fyrir hvert skólaár þar sem fram kemur viðfangsefni matsins, hvaða markmið eigi að meta og viðmið um árangur skilgreind. Tímasetja matið og tilgreina ábyrgðaraðila og hvernig gagna á að afla. 	<p>Hversu góður er skólinn okkar; gæðagreinar.</p> <p>Skólapúlsinn; foreldrakönnun og starfsmannakönnun. Framkvæmt í mars.</p> <p>Skólapúlsinn ber skólann saman við aðra skóla í úrvinnslu sinni.</p>	<p>Unnið yfir hvert skólaár.</p> <p>Starfsmannakönnun vor 2021</p> <p>Foreldrakönnun vor 2021/22</p>	<p>Aldrei, alltaf í vinnslu.</p>	<p>Leikskólastjórnendur</p>	<p>Eftir kannanir í apríl og á fyrsta umbótafundi september.</p> <p>Lögð verður áhersla á að nýta þá gæðagreina sem fylgja Hversu góður er skólinn okkar til að ná utan um þessa þætti, til að meta þá og er það gert á reglulegum kennarafundum og innra mats teymisfundum.</p> <p>Foreldrakönnun í febrúar 2022 og</p>

					<p>starfsmannakönnun mars 2022.</p> <p>Febrúar 2023 Ákveðið var að byrja upp á nýtt með gæðagreina þar sem mikið er af nýju starfsfólki. Búið er að útbúa innramats áætlun til næstu fjögurra ára sem hægt er að nálgast á heimasíðu skólans.</p>
<ul style="list-style-type: none"> • Meta stefnu leikskólans og markmið markvisst og reglubundið og skilgreina viðmið um gæði og árangur. 	Hversu góður er skólinn okkar	Febrúar 2021	Aldrei	Leikskólastjórnendur	<p>Símat</p> <p>Í vinnslu.</p> <p>Febrúar 2023 Viðmið um gæði og árangur er hægt að nálgast í handbókinni Hversu góður er skólinn okkar. Við munum síðan koma til með að aðlaga mörg af þessum viðmiðum að okkar starfi. Auk</p>

					Þess munum við bæta inn viðmiðum til þess að gera matið markvissara.
<ul style="list-style-type: none"> Huga að aðkomu foreldraráðs í að ákveða áherslur og forgangsröðun í innra mati. 	Fulltrúi foreldraráðs sitji í umbótateymi.	September 2020	Aldrei	Leikskólastjórnendur og umbótateymi	<p>Fyrsta umbótafundir í september.</p> <p>Fastir fundir þar sem fulltrúi foreldraráðs situr.</p> <p>Febrúar 2023 Haldnir verða skipulagðir fundir um innramat skólans. Á þessa fundi munu fulltrúar foreldraráðs, sviðsstjóri fjölskyldusviðs og innramatsteymi leikskólans sækja. Markmið fundana er að halda utan um skipulag innra mats skólans og gefa</p>

					utanaðkomandi aðilum tækfæri til að hafa áhrif á ferlið.
<ul style="list-style-type: none"> Efla mat og ígrundun starfsfólks á eigin starfsháttum í daglegu starfi. 	<p>Starfsmannasamtal þar sem farið er eftir ákveðnum lista þar sem starfsmenn meta og ígrunda eigin starfshætti í daglegu starfi.</p> <p>Fjölga starfsmannasamtölum yfir árið, setja á örviðtal í nóvember og ýtarlegra viðtal í febrúar/mars</p>	Nóvember 2020	Febrúar árlega.	Leikskólastjórnendur	<p>Í apríl að loknum viðtölum. Þar sem starfsmaður fyllir út matslista og undirritar hvort hann sé sáttur eða hvort þörf sé á frekara viðtali.</p> <p>Starfsmannasamtal framkvæmt í nóvember 2021.</p> <p>Febrúar 2023 Starfsmannasamtöl voru framkvæmd í október 2022 og í febrúar 2023. Lagt er upp með að hafa starfsmannasamtöl í að lágmarki tvö skipti á ári.</p> <p>Í gæðagreinunum þarf starfsfólk að ígrunda og meta</p>

					eigin starfshætti í daglegu starfi.
<ul style="list-style-type: none"> • Gæta að fjölbreytni í öflun gagna meðal starfsfólks, barna og foreldra með aðferðum sem hæfa viðkomandi hópum og tryggja að raddir barna heyrist í mati á leikskólastarfinu. 	<p>Starfsmannakönnun, foreldrakönnun, framkvæmdar annað hvert ár. Niðurstöður birtar á heimasíðu.</p> <p>Hversu góður er skólinn okkar.</p> <p>Huga að rödd barna heyrist; Hafa mánaðarlega fundi með elstu nemendum til að heyra þeirra skoðanir þar sem skrifaðar verða fundargerðir og birtar á heimasíðu leikskólans.</p>	<p>Mars 2021</p> <p>Febrúar 2021</p> <p>Nóvember 2020</p>	<p>Aldrei</p>	<p>Leikskólastjórnendur</p>	<p>Þegar niðurstöður kannanna liggja fyrir.</p> <p>Í maí 2021, á síðasta fundi vetrarins með börnunum.</p> <p>Fundir hafa verið haldnir með elstu nemendum.</p> <p>Í tengslum við jákvæðan aga verða sérstakir barnafundir í hverri viku og einu sinni í mánuði verðu slíkur fundur notaður til að tryggja að raddir barna heyrist.</p> <p>Febrúar 2023 Lagt er upp með að stjórnendur leikskólans fundi með elstu börnum</p>

					leikskólans einu sinni fyrir áramót og einu sinni eftir áramót. Deildarstjórar funda oftár með börnunum þar sem skoðanir barnanna komast á framfæri. Fundargerðir stjórnenda verða settar inn á svæði innramats á heimasíðu leikskólans.
<ul style="list-style-type: none"> Birta greinargerðir um innra matið á heimasíðu leikskólans þar sem fram koma upplýsingar um framkvæmd og niðurstöður og greining á 	<p>Setja umbótaáætlun inn á heimasíðu og uppfæra hana eftir hverja endurskoðun mánaðarlega.</p> <p>Setja niðurstöður foreldrakönnunnar inn á heimasíðu</p>	Október 2020	Stöðugt í vinnslu	Leikskólastjórnendur	<p>Símat</p> <p>Febrúar 2023</p> <p>Greinargerð frá barnafundi hefur verið sett á svæði</p>

styrkleikum og tækifærum til umbóta.					innramats á heimasíðu leikskólans. fundargerðir innramatssteymis leikskólans eru einnig aðgengilegar á heimasíðunni.
• Ljúka við gerð umbótaáætlunar og birta á heimasíðu.	Þegar Menntamálastofnun hefur samþykkt áæltunina	Október 2020	Nóvember 2020	Leikskólastjórnendur	Símat Verður birt árið 2024
•					

Umbótaáætlun yfirfarin vegna skila til Menntamálastofnunnar Febrúar 2024

Kristinn Arnar Benjamínsson

Guðný Kristín Guðnadóttir

Umbótaáætlun yfirfarin vegna skila til Menntamálastofnunnar Febrúar 2023

Kristinn Arnar Benjamínsson

Guðný Kristín Guðnadóttir

Farið yfir umbótaáætlun með Innra mats teymi ásamt fulltrúum foreldra og sveitarfélags 9. júní 2021

Guðrún Lára Magnúsdóttir

Guðný Kristín Guðnadóttir

Kolfinna Rún Gunnarsdóttir

Aðalheiður Sif Njálsdóttir

Elísabet Eir Steinbjörnsdóttir

Jenný Þórkatla Magnúsdóttir

Farið var yfir umbótaáætlun með öllu starfsfólki leikskólans 13. apríl 2021

Umbótaáætlun yfirfarin vegna skila til Menntamálastofnunnar mars 2022.

Guðrún Lára Magnúsdóttir

Guðný Kristín Guðnadóttir.

Umbótaáætlun unnin 2021-2022

Að vinnunni komu leikskólastjórnendur, fulltrúar starfsfóks, fulltrúi foreldra og fulltrúi sveitafélagsins.

Guðrún Lára Magnúsdóttir

Guðný Kristín Guðnadóttir

Kolfinna Rún Gunnarsdóttir

Arnar Hrólfsón

Elísabet Eir Steinbjörnsdóttir

Jenný Þórkátla Magnúsdóttir